

Sameiginlegur fundur skólaráðs Kópavogsskóla og stjórnar foreldrafélags skólans miðvikudaginn 5. september kl. 8:00

Fundarmenn frá skólaráði: Jóhannes og Pálmi fulltrúara foreldra, Birna Björnsdóttir og Svanborg Ísberg fulltrúar kennara, Hildur Elfa Björnsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Guðmundur skólastjóri. Frá foreldrafélagi Ragnheiður Kristinsdóttir, Lilja Guðrún Sæþórsdóttir og Lúðvík Júlíusson. Einnig sátu Guðný aðstoðarskólastjóri og Bergþóra deildarstjóri fundinn.

Dagskrá:

Skólabyrjun og vetrarstarf skólaráðs

Skólastjóri fór yfir stöðuna; óvenjumargir nýir starfsmenn að byrja í vetur. Þeir eru yfir 20 og þar af eru 14 nýir kennarar.

Flestar framkvæmdir í húsinu eru búnar en enn vantar pott í eldhúsið og lokafrágangur á klósettum eftir. Framkvæmdir í kennslustofum eru til bráðabirgða en vegna lekavandamála þarf að skipta öllum gluggum í kennslustofum á suðurhlið út næsta sumar. Kennslueldhúsið endurgert frá grunni og minniháttar frágangur eftir. Ánægja er með nýtt mótuneytiseldhús og nemendur ánægðir með matinn. Lítilsháttar frágangur eftir þar og m.a. á eftir að lagfæra aðstöðu fyrir þá nemendur sem koma með mat að heiman og þurfa að hita hann. Í gær var kynningarfundur fyrir foreldra barna í 1. bekk og mæting góð.

Rætt um úttekt á skólahúsnæðinu með tilliti til fjölgunar nemenda og endurbóta vegn aldurs húsnæðisins.

Hjúkrunarfræðingur að hætta um næstu mánaðamót og heilsugæslan er búin a auglýsa starfið

Jóhannes spyr hvort að það séu einhverjir nemendur úr öðrum sveitafélögum. Svarið er já og í framhaldin var rætt um greiðslur sveitarfélaga vegna skólavistar barna.

Ragnheiður spurði hvort að það hefðu verið mörg börn sem byrjuðu í öðrum deildum en 1. bekk og það voru 12 nemendur.

Jóhannes spyr hvernig við viljum fá stuðning frá þeim í vetur? Áherslan verður á húsnæðismál skólans enda stefnir þar í óefni. Lilja ræddi um að nýta þau í „Betri Kópavogur“.

Rætt um skólalóðina og að betra viðhald þyrfti á ákveðna hluta hennar.

Svanborg minnir á frístund og það rými sem þeirri starfsemi er ætlað. Hegðun nemenda er önnur í frístund en á kennslutíma enda meira frjálrsræði eftir að formlegri stundaskrá lýkur.

Skólastjóri telur að gott væri að fá ca. 150 fermetra rými (færanlegar kennslustofur) sem móður svæði fyrir frístund. Erum að nýta íþróttasalinn eftir kl. 14 á daginn. Verið er að finna lausn á íþróttaskóla í íþróttasalnum.

Skólanámsskrá

Skólanámsskrá er lögbundin og upplýsingarnar á heimsíðu skólans. Unnið er í að endurskrifa allt efni af eldri heimasíðu skólans yfir á nýja heimasíðu sem var opnuð sl. vor. Efni gömlu síðunnar er enn aðgengilegt en hún verður gerð óvirk þegar búíð er að endurskoða allt efni síðunnar. Nýja síðan lagar

sig að því tæki sem hún er opnuð í og hægt er með einföldum hætti að fá hana upp á mörgum tungumálum. Rætt um starfsmannahluta síðunnar og myndasíðu en hvorutveggja er með aðgangshemildum. Endurskoða þarf hluta foreldrafélagsins.

Ragnheiður talar um að foreldrafélagið þurfi að vera vel sýnilegt og gott að hafa öfluga facebooksíðu. Farið er yfir facebooksíðu frístundar en aðgang að henni hafa aðeins foreldrar barna sem eru skráð í frístund.

Ytra mat á Kópavogsskóla

Menntamálastofnun framkvæmir ytra mat á Kópavogsskóla í september. Það er ferli sem allir grunn- og leikskólar fara í gegnum. Farið yfir framkvæmdina en um er að ræða heimsóknir í kennslustundi, skoðun skriflegra gagna og viðtöl við fulltrúa nemenda, foreldra og starfsmanna auk skólastjórna.

Ragnheiður ræðir samræmdu prófin. Bent á skýrslu inni á vef menntamálastofnuna um niðurstöður síðustu ára. Þar er líka hægt að sjá lesferilinn niðurstöður úr lesferli.

Persónuvernd og staða mála í Kópavogsskóla

Þetta er mál mála núna enda er gríðarlegt magn persónuupplýsinga í öllum grunnskólum og mikilvægt að vandað sé til verka við meðferð þeirra.

Önnur mál

Ragnheiður ræddi hraðan á Digranesveginum sem er mikill. Minna á að ræða hraðan.

Spurt um feril mála þegar fram koma ábendingar eða fyrirspurnir um vanhæfi og áminningar.

Skólastjóri fór yfir það.

Rætt um spjaldtölvur og reksturinn á þeim. Hver greiðir fyrir skemmd hulstur og hleðslutæki?

Skólastjóri hefur samband við tölvudeild til að fá það á hreint.

Fundi slitið kl. 9: 14